

Reykhólaskóli í Reykhólahreppi leitar að öflugum kennurum til starfa!

Reykhólaskóli er samrekin leik-, tónlistar- og grunnskóli á sunnanverðum Vestfjörðum. Grunnskólinn er fámennur og er nemendum kennt í samkenndu. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina, útikenndu og upplýsingamennt og eru nemendur með aðgang að tölvum og ípöðum. Í Reykhólaskóla hófst innleiðing Leiðsagnarnáms fyrir ári síðan. Áhersla er lögð á jákvæðan skólabrag meðal nemenda og starfsfólks og fjölbreytta kennsluhætti. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem hafa áhuga á að vinna með börnum og hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum.



Miðað er við að ráða í stöðurnar frá 1. ágúst 2022.

Lausar stöður í grunnskóladeild:

- ❖ **Kennarar á miðstig og elsta stig með möguleika á umsjón.**
Æskilegar kennslugreinar eru: stærðfræði, íslenska, enska, danska, náttúrufræði, heimilisfræði, list- og verkgreinar ásamt valgreinum
- ❖ **Þroskafjálfari eða sérkennari í tímabundna stöðu**

Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl 2022.

Umsókn um stöfin skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf um viðkomandi og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila. Nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Anna Björg Ingadóttir í síma 867-1704 eða með tölvupósti á netfangið skolastjori@reykholar.is. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsækjandi má hvorki hafa hlotið refsíðom vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot), nr. 19/1940 frá því að hann var sakhæfur (15 ára) né hafa hlotið refsíðom fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Rétt er að vekja athygli á því í auglýsingu að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakaskrá.*

Hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu í grunnskóla
- Reynsla af kennslu í grunnskóla
- Sértek hæfni á grunnskólastigi
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði, frumkvæði og dugnaður
- Góðir samskiptahæfileikar, jákvæðni og þjónustulund er nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta og áhugi á upplýsingatekni er kostur
- Reynsla af teymiskennslu er kostur

